

Reykjavík, 11. apríl 2016.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

### **Varðar frumvarp til laga um spilahallir, 51. mál**

Happdrætti D.A.S. barst erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 16. mars s.l. er varðar ofangreint frumvarp þar sem óskað er umsagnar.

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara í hverja grein frumvarpsins, slíkt er umfangið. Verður þess í stað reynt að gera grein fyrir sjónarmiðum stjórnar Happdrættis D.A.S.

Stjórn Happdrættis D.A.S. er algjörlega á móti því að opnuð verði spilahöll, ein eða fleiri þar sem fjárhættuspil verði stundað á Íslandi.

Þetta myndi hafa í för með sér að íslenski happdrættismarkaðurinn yrði fyrir verulegum skakkaföllum.

Öll íslensk happdrætti sem draga ýmist vikulega eða mánaðarlega eru rekin skv. sérlögum og allur ágóði þeirra rennur til þjóðfélags-, líknar-, menningar-, íþróttá- og góðgerðarmála. Skv. lögum frá 2005 nr. 38 dags. 13. maí um happdrætti á Íslandi er beinlínis bannað að heimila starfsemi happdrættis nema gegn ákveðnum skilyrðum skv. 3.gr. laganna. Skv. þeim lögum er hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem rekur fjárhættuspil í ábótaskyni ekki heimilt á Íslandi.

Þá gerir stjórn Happdrættis D.A.S. margar athugasemdir við greinagerð með frumvarpinu.

1. Ekki er þörf á að tiltaka nákvæmlega rekstrarformið í lögum. Reglugerðir um happdrætti fjalla nánar um sjálf rekstrarformin.
2. Mikið er um fullyrðingar sem ekki fá staðist. S.b.r. að spilahallir auki gjaldeyrisjöfnuð og fjárhættuspil muni skapa fjölbreyttari ferðamenn og auki aðdráttarafl.  
Beinlínis fullyrt að ferðamenn muni ferðast til Íslands til að taka þátt í fjárhættuspilamennsku.  
Samkeppnishæfni Reykjavíkur muni auk þess batna í samanburði við borgir í Evrópu þar sem fjárhættuspil eru stunduð.
3. Vísað er í mikilvægan stuðning við ferðaþjónustuna en á öðrum stað upplýst að danskir ríkisborgarar ferðist til borga þar sem fjárhættuspil er stundað. Kemur ekki heim og saman við þá fullyrðingu að þetta snúist um aukna fjölbreytni fyrir ferðamenn eins látið er í veðri vaka í greinagerð með frumvarpinu.


4. Fjallað er um eftirlitsmann með útborgun á vinningum í formi ávísanna og innborgana á bankareikninga viðskiptavina. Hér er rétt að benda á að íslenskir bankar hafa aflagt ávísanir í skiptum fyrir peninga.
5. Það vekur athygli að gerð er krafa um að rekstraraðili hafi reynslu af rekstri spilavíta. Slíkur aðili er ekki til á Íslandi. Hvað þetta ákvæði varðar bendir ýmislegt til þess að frummælendur sumir eða allir séu að horfa til ákveðinna rekstraraðila sem nú þegar reka fjárhættuspil í Evrópu. Það veitir ekki á got.
6. Fullyrt er að Eftirlisstofnun EFTA hafi gert athugasemdir um að happdrættisleyfi séu bundi við íslensk fyrirtæki. Þessu er til að bæta að árið 2011 var gerð lagabreyting og settur inn textinn; „bannað óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis“. Því fellur þessi fullyrðing um sjálfa sig.
7. Beinlínis er íað að því að happdrætti séu fjárhættuspil a.m.k. fjallað um það í sömu andrá og Lottó, Getraunir og spilakassar. Til að leiðrétta allan misskilning þá eru flokkahappdrætti (happdrætti) hvergi talin til þeirra happdrættisforma sem kallar fram spilafíkn í opinberum rannsóknum sem fram hafa farið. Þarna er beinlínis vegið að því áratuga starfi sem t.d. Happdrætti D.A.S. hefur staðið fyrir og lagt allan ágóðann til almannaheilla hér á landi.
8. Svo það sé alveg skýrt, Happdrætti D.A.S. greiðir öll opinber gjöld skv. lögum. En þau eru virðisaukaskattur, launaskattur, fjármagnstekjuskattur og tryggingargjald. Auk þess er greitt fyrir eftirlit með útdráttum ofl.
9. „Spilaskattur“ er ekki að skila yfirvöldum miklum ávinningi. Skv. 44. gr. frumvarpsins um „Spilaskatt“ er reiknað út frá innkomu að frádregnum vinningum og að auki dregin frá framlög sem safnast í húsbauk leyfishafa. Spilahallir og fjárhættuspil eru að skila u.þ.b. 90% til baka í vinninga. Það þýðir ef reksturinn færi vel af stað og innkoman yrði 500 milljónir kæmi í hlut skattayfirvalda upphæð sem væri um 10 milljónir. Sem væri þá 2% af innkomunni. Ef veltan yrði 1 milljarður þá undir 50 milljónum eða undir 10% af veltunni.

Er það þess virði fyrir íslensk stjórnvöld að taka þá áhættu sem af því leiðir að opna fyrir fjárhættuspil af því tagi sem þarna er fjallað um?


Með því að samþykkja þetta frumvarp verða þingmenn að horfast í augu við þá staðreynd að afleiðingarnar gætu haft gríðarleg neikvæð áhrif á önnur íslensk happdrætti. Eru þingmenn tilbúnir að axla þá ábyrgð?

Með fyrirfram þökk í von um að sjónarmið Happdrættis DAS fái góðan hljómgrunn.

f. h. Happdrættis DAS,



Guðmundur Hallvarðsson  
stjórnarformaður



Sigurður Ágúst Sigurðsson  
forstjóri